



**ÚTTEKT OG ENDURREISN
HITA- OG LOFTRÆSIKERFIS LANGHOLTSKIRKJU**

Guðmundur Bragason

Lokaverkefni í vél- og orkutæknifræði BSc

2016

Höfundur/höfundar: Guðmundur Bragason

Kennitala: 1202794409

Leiðbeinandi: Sveinn Áki Sverrisson

Tækni- og verkfræðideild

School of Science and Engineering

Efnisyfirlit

Formáli	4
1. Inngangur	5
2. Byggingarsaga Langholtskirkju	6
3. Loftræsikerfi	7
4. Ofnakerfi.....	15
5. Viðmiðunarvarmatap.....	21
6. Mælingar og útreikningar	26
7. Snjóbræðsla	36
8. Rekstrarkostnaður	36
9. Niðurstöður	37
10. Úrbætur	38
Heimildir	41
Viðauki A (töflur)	42
Viðauki B (Forhönnunarskýrsla)	46
Viðauki C.....	49
Viðauki D	51
Viðauki E.....	58
Viðauki F	60
Viðauki G	66

Formáli

Hugmyndin að lokaverkefni þessu kom til eftir samtali við sóknarprest Langholtskirkju, Guðbjörgu Jóhannesdóttur og kirkjuvörðinn Aðalstein Guðmundsson. Þau komu að máli við mig eftir útför Jóns Stefánssonar organista þar sem um fimmtán hundruð manns voru saman komin til að votta honum virðingu sína. Loftgæði þóttu mjög slæm, bæði varð hitinn mikill og súrefni af skornum skammti. Einnig kom upp í samtalinu að hitareikningur kirkjunnar væri í hærra lagi miðað við fermetrafjölda. Mér fannst tilvalið að skoða þetta mál nánar enda nýbyrjaður að vinna á VSB Verkfræðistofu ehf. þar sem lagnahönnun er viðfangsefni mitt. Eftir stutt samtali við leiðbeinanda minn Svein Áka Sverrisson véltæknifræðing hjá VSB var ákvað ég að hefjast handa.

Ég vil þakka konu og börnum fyrir óendanlega þolinmæði í minni garð við úrlausn þessa verkefnis, ásamt leiðbeinanda mínum honum Sveini Áka fyrir góða leiðsögn í gegnum þetta ferðalag.

1. Inngangur

Upp kom sú staða í Langholtskirkju fyrir um fimm árum að starfsmannabreytingar urðu nokkrar, nýr sóknarprestur tók til starfa ásamt nýjum kirkjuverði og mikil endurnýjun átti sér stað innan sóknarnefndar. Ýmsir sjálfboðaliðar voru einnig komnir á aldur að aðrir yngri tóku við keflinu í almennum viðgerðum og viðhaldi. Þegar Jón Stefánsson, organisti kirkjunnar til fimmtíu ára, tók svo upp á að fara yfir móðuna miklu fór seinasta vitneskja starfsfólks Langholtskirkju úr húsinu um öll lagna- og hitakerfi. Kvartanir yfir kulda jukust milli ára og allir sammála um að það tæki of langan tíma að kynda húsið. Ekki var raunverulega vitað hvernig best væri að laga kerfin í kirkjunni, en þau samanstanda af ofnakerfi í safnaðarheimili, gólfhita í anddyri, ofnum og loftræsingum í kirkjurýmiinu. Sennilega nær loftræsting í önnur rými en ekki var það vitað með vissu. Því var markmið með þessu verkefni að taka út kerfi kirkjunnar og lýsa raunástandi kerfanna. Til að taka út og skilja svona kerfi þarf að skoða fræðin og bera saman við þá þekkingu og lausnir sem við höfum í nútímanum. Einnig þarf að reikna út hvað kerfin eru að afkasta og komast að ástandi þeirra. Virki þau ekki líkt og þau eiga að gera eða sé einhverju ábótavant, þá var mitt að koma með tillögur að lagfæringum. Ef augljóst væri við nánari skoðun að kerfin væru með öllu ónýtt yrði verkefni mitt að hanna nýtt kerfi í samráði við sóknarnefnd Langholtskirkju. Í þessu verkefni er megináhersla á kirkjurýmið sjálft og samkomusal safnaðarheimilis þar umgangur er mestur og þörfin stærst fyrir kerfi sem virkar vel.

2. Byggingarsaga Langholtskirkju

Safnaðarheimili Langholtskirkju var byggt árið 1954 eftir að ný lög tóku gildi sem kváðu á um að söfnuðir í Reykjavík skyldu hlutaðir niður í smærri einingar. Langholtssókn varð því mynduð er hluti Lauganessafnaðar klauf sig frá sókninni. Strax var ákveðið að byggja kirkjuhús í hinu nýja Vogahverfi er var í byggingu á þessum tíma og var hafist handa við fjármögnun. Ákveðið var eftir umræður að byggja í tveimur áföngum. Fyrsta skóflustungan var tekin 2. September árið 1956 við Sólheima á Hálogalandshæðinni. Húsið var tekið í notkun í áföngum og messuhald hófst snemma þótt enn væri moldargólf í húsinu. Stóri salurinn var



Mynd 1 Frá byggingu Langholtskirkju

vígður og messað í honum á aðfangadag árið 1961 en hann var notaður sem kirkja þar til kirkjuhúsið sjálft reis árið 1984. Bygging safnaðarheimilisins markaði tímamót í byggingarfræði hjá Þjóðkirkju Íslands þar sem þetta var fyrsta safnaðarheimilið sem reist var af Þjóðkirkjunni.

Kirkjan var vígð árið 1984 að viðstöddum forseta Íslands Frú Vigdísí Finnbogadóttur og borgarstjóra Reykjavíkur Davíð Oddssyni. Borgarstjórinn hafði persónulega farið fyrir styrkveitingu til kirkjunnar í formi malbikunar á bílaplani auk þess sem Reykjavíkurborg hafði styrkt söfnuðinn með peningagjöfum til að standa straum af kostnaði við byggingu hennar allt frá árinu 1953.

Kirkja og safnaðarheimili var byggt í tveimur áföngum, safnaðarheimilið var reist árið 1953 og þjónaði sem kirkja fram til ársins 1984 þegar kirkjubyggingin sjálf var tekin í notkun. Litlar heimildir eru til virkni loftræsi- og ofnakerfis en lítillega er minnst á þau í fundargerðum sóknarnefndar. Ekki eru til upplýsingar um hver hannaði ofnakerfi í fyrri áfanganum. Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns gerði lagnateikningar árið 1970 og Steindór Haage á Verkfræðistofunni Vægi hf sá um lagnahönnun í seinni áfanga. Ekki er vitað hver hannaði eða setti upp loftræsinguna og eru ekki til neinar teikningar af henni. Í fundargerðum

sóknarnefndar kemur fram að 11.september árið 1963 átti eftir að fullgera loftræsinguna.[1] Byggingin er ~1300 m² að grunnfleti og skiptist í safnaðarheimili og kirkju. Á efri hæð safnaðarheimilis er svo baðstofa (salur) og skrifstofur.

Í dag er upprunaleg lagnagrind í kjallara kirkjunnar ásamt því að í kompu við hlið inngangs í kirkju frá safnaðarheimili er lagnagrind fyrir gólfhitalagnir sem eru undir öllu kirkjugólfinu. Ekki var gert ráð fyrir loftræstisamstæðu við byggingu kirkjunnar svo henni var komið fyrir við hlið tækjarýmis í kjallara. Þó svo að minnst sé á kerfin í fundargerðum safnaðarins er hvergi tekið fram hver hannaði eða setti upp loftræsinguna.

3. Loftræsikerfi

Hér verður farið í að lýsa loftræsikerfi Langholtskirkju. Fyrst verður talað um tvær tegundir loftræsinga og hvernig loftræsing Langholtskirkju er flokkuð. Loftræsingin er svokölluð „Face and Bypass“ kerfi og verður því gert skil hér. Hvernig það er hugsað og hvernig það virkar. Einnig verða coanda áhrifin útskýrð í stuttu máli og hvernig loftdreifarar eru í kirkjunni og hlutverk þeirra. Talað verður um hvernig útsog er í einstaka rýmum eða öllu heldur skortur á útsogi. Til að geta skilgreint loftræsikerfi þarf að skoða fræðin og verður það gert í þessum kafla.

Niðurstaða þessa kafla er því hvernig loftræsing er í Langholtskirkju, hvernig hún er flokkuð og hvaða vélbúnaður er í henni.

Blöndunarloftræsing

Blöndunarloftræsing er tegund loftræsingar sem blæs lofti inn í rými af miklum hraða (1.5-3.0 m/s) frá rist í lofti, vegg eða gólfi. Við þetta blandast ferskt loft við það loft sem fyrir er í rýminu svo að loftgæði og lofthiti verða jöfn um allt rýmið. Streymið verður iðustreymið og blöndun nánast fullkominn.

Einkenni þessarar loftræsingu er :

- Virk loftræsing, loftið verður hreint og gott.
- Aðferðin nýtist vel við bæði hitun og kælingu.
- Góð hita- og loftdreifing um allt rýmið.

Lagskipt loftræsing


Með lagskiptri loftræsingu er lofti blásið inn á litlum hraða (~ 0,2-0,5 m/s) niðri við gólf. Þessi tegund loftræsingar nýtir sér uppstreymi frá heitari hlutum og fyrirstöðum og ýtir óhreinu

lofti og varmamyndun upp fyrir íverusvæðið. Ofarlega í rýminu er staðsett útsog sem blæs óhreinu lofti út.


Einkenni slíkra loftræsingar er:

- Hiti og óhreinindi fara fljótt úr rými.
- Fyrirstöður í lofti, svo sem lampar og fleira hafa ekki áhrif á gæði loftsins.
- Hentar vel til kælingar en ekki til upphitunar.

Forsendur þess að slík loftræsing virki er að innblástursloftið sé jafnheitt (isothermal) eða kaldara en lofthiti í rýminu því heitt loft er léttara en kalt. Með því að hafa loftristar í gólfi þar sem hlutfall fólks á fermetra er mikið er hægt að nýta hitamyndun ásamt því að ýta óhreinindum upp fyrir íverusvæðið og blanda því þar.[8][12]



Mynd 2 Lagskipt loftræsing[6]



Mynd 3 Blöndunarloftræsing [6]


Skammhlaup í loftræstingu

Þegar lofti er blásið inn í rými og það svo dregið beint út áður en nokkur blöndun á sér stað kallast skammhlaup. Til að minnka líkur á skammhlaupi er hægt að stilla útsog á 80% af innblæstri. Þannig myndast yfirþrýstingur í rýminu og betri blöndun á sér stað. Staðsetning á ristum og dreifurum skipta einnig höfuðmáli ef koma á í veg fyrir þetta fyrirbrigði.[8]

The Coanda Effect

Við hönnun loftræsingar er mikilvægt að reyna að hafa strókurinn úr dreifurum sem lengstan til ná loftinu sem víðast um rýmið. Ef loftstraumi er blásið < 300 mm frá lofti eða vegg myndast lágþrýstisvæði í vasa milli stróks og lofts/veggjar. Við þetta „límist“ strókurinn við loftið og

ferðast lengra þar til hann kemur að hindrun eða vegg þar sem hann leitar þá niður eða frá vegg og blandast loftinu. Hafa þarf í huga við hönnun á slíku kerfi að kalt loft er þyngra en heitt og að hornið (e. angle of attack) má ekki vera meira en 30° því þá er hætt á að strókurinn falli niður.



Mynd 4 leið kalds loft í láréttri stefnu.[8]




Figure 5.13 Effect of angle on the flow pattern of a circular ceiling diffuser: (a) $\varphi < 30^\circ$ and (b) $\varphi > 30^\circ$.

Mynd 5 áhrif horns fyrir Coanda áhrifin.[8]

Face and bypass


Þegar kalt útiloft er dregið beint að utan þarf að koma í veg fyrir að loft undir frostmarki komist inn í kerfið. Við það myndast hætt á klakamyndun, sem gerist þegar vatn sem daggar á elementum frýs á einstaka íhlutum, með þeim afleiðingum að loftstraumur hindrast. Til að koma í veg fyrir þetta var á sínum tíma farið að nota svokallað „face and



Mynd 6 face and bypass lokum stýrt handvirkt.

Bypass“ kerfi í loftræsingar. Þetta var og er mjög vinsælt í skólabyggingum og þar sem þörf er á stærri kerfum í byggingum í Bandaríkjunum. Telja má víst að fyrirmyndin sé fengin þaðan við uppsetningu á kerfi Langholtskirkju. Í raun er þetta einfalt kerfi en það notar tvær samtengdar lokur til að stjórna loftstraumnum. Framlokan (Face-damper) snýr að elementum og framhjálökan (Bypass-damper) hleypir loftstraumi framhjá. Til að tryggja rétta virkni í kerfinu þarf að hanna framhjálökuna þannig að sama þrýstifall verði þegar framhjálökan er fullopin og þegar fram- og framhjálökurnar eru opnar samtímis á fullu loftstreymi. Þegar útiloft er yfir frostmarki ($\sim 1.7^\circ\text{C}$) þá er framhjálökan fullopin og hitastigi stýrt með mótorkloka á vatnsgrein sem fæðir hitaelementin. Til að tryggja það enn fremur að

ekki frjósi í elementum þarf að koma í veg fyrir að straumhraði fari ekki undir 0.9 m/s í gegn[13]. Yfirleitt eru svona kerfi höfð sjálfvirk en kerfi Langholtskirkju er að hluta til handvirkt. Þannig er stjórnun á fram- og framhjálokum handvirk eins og sjá má á mynd 4. Segja má að þetta kerfi sé að hluta náttúruleg loftræsing og að hluta vélræn þar sem það blæs lofti í sama ástandi inn í rýmin og það tekur það að utan. Vélræni hlutinn er í raun bara færsla á loftinu ef forhitun er ekki tekin með í reikninginn.



Mynd 7 Snið að loftræskerfi

Eins og sést á mynd 5 að þá er loftið dregið inn um stóran miðflóttaraflsblásara sem knúin er áfram af mótör. Síðan fer loftið gegnum síu og því næst kemur það að lokunum sem stjórna hvort loftið fari inn óhitað, hitað eða blandað inn í rýmin.

Loftdreifarar

Loftdreifarar sjá rýmum fyrir lofti. Til eru margar útfærslur á dreifurum sem henta við mismunandi aðstæður. Dreifarar stýra hvernig loftið fer inn í rýmið og hvernig dreifing á loftinu verður. Mismunandi útfærslur á dreifurum eiga við mismunandi kerfi, þannig að lághraðakerfi hefur aðra dreifara en háhraðakerfi, svo sem blöndunarloftræsing.

Loftdreifarar skiptast í þrjú flokka en það eru dreifarar, ristar og nosslur. Dreifarar eru algengastir á skrifstofum og í íbúðahúsnæðum. Nosslur eru notaðar þar sem loftræsa þarf stór rými og er þá miklu magni lofts kastað hratt inn í rýmið. Ristar eru þriðji möguleikinn. Ristar hafa yfirleitt ekki mikla möguleika á stillingum á loftstraumum en virka yfirleitt bæði sem innblásturs- og útsogsristar. Þegar valdar eru ristar og dreifarar, þarf að hafa í huga þrýstifall, magn lofts og hávaða frá þeim.

Í Langholtskirkju eru þrjár gerðir af dreifurum í notkun.



Mynd 8 Gólfrist/dreifjar í kirkju


Mynd 9 Rist í baðstofu

Mynd 4 Dreifari í lita salnum



Mynd 10 Innblástur í stóra salinn (nozzla)

Loftræsing Langholtskirkju



Mynd 11 Kerfismynd af loftræsingu

Stjórnun lofthita frá loftræsisamstæðu

Stór miðflóttarafsblásari (Nordisk ventilator co.) sem er staðsettur í kjallara safnaðarheimilis dregur loft úr inntakskassa. Sá kassi er fyrir utan baðherbergi á suðurhlíð húss í kjallara. Blásari blæs útilofti í gegnum grófsíu að tæki líkt og mynd 12 sýnir. Þetta er upphitunartæki vinnur þannig að tveimur samtengdum spjaldlokum (e. Face damper and Bypass damper) er komið fyrir svo að önnur lokar lokar fyrir hitaelement en hin lokar fyrir framhjá leiðina. Hægt er að fá þessar tegund loftræsingingar með ýmist



Mynd 13 tenging við hitun



Mynd 12 grófsíur sía loftið

tveggja röra eða fjögurra röra tengingum[14]. Ef tengd eru fjögur rör þá er mögulegt að kæla og hita loftið.

Loftræsingin sem hér um ræðir hefur eingöngu tvö rör og getur því eingöngu hitað loftið. Útihitastig lofts á Íslandi fer sjaldan yfir 16°C svo ekki er þörf á að kæla loftið, en til að koma í veg fyrir að blásið sé lofti undir frostmarki þá er hluta loftsins eða öllu hleypt í gegnum hitaelementið. Einn galli á kerfi sem þessu er að það getur verið erfitt að stýra rakastiginu þar sem ekki er um neina forhitun eða eftir-kælingu að ræða. Loftið fer inn eftir eina umferð gegnum grófsíu og hitaelement og blandast við kalt loft. Hraða innsogsblásara er stýrt með spennir og er því hægt að stilla loftræsinguna á vítt svið, eða frá 0% upp í 100%.



Mynd 14 spennir

Lokunum er stýrt handvirkt og verður því húsvörður að vera vakandi fyrir breytingum á útihitastigi.

Innblástur

Úr blöndunarhólfi er hægt að beina straumnum annars vegar inn í kirkju eða hins vega upp í baðstofu og sali safnaðarheimilis. Við endurhönnun á skrifstofu sóknarprests hafa loftstokkar verið teknir í sundur þegar fölsku kerfislofti var komið fyrir þar inni. Í dag blæs loftræsingin upp í holrými ofan við skrifstofuna þar sem áður hafa verið tengingar milli loftstokka. Ef loftinu er beint þar upp myndast ekkert nema hávaði ofan við skrifstofuna og lítill eða enginn straumur skilar sér til rýmsins.

Innblástursblásari

Miðflóttarafsblásari frá NORDIC VENTILATOR CO. sér loftræsisamstæðunni fyrir lofti. Hann er keyrður af 5,5 KW jafnstraumsmótor með tvöföldu reimadrifi. Gírhlutfallið milli drifhjóna er 3.55 en mótorinn snýst 1440 sn/mín svo blásarinn snýst á 394 sn/mín. Radíus blásara tromlunnar reyndist vera 1250 mm og 560 mm á breidd. 800 mm inntaks- loftstokkur liggur að blásaranum.



Mynd 15 Nordic Ventilator

Innblástur í kirkju

Tveggja átta(e. Two way) 580x80 mm gólfristar eru í gólfi kirkjunnar sem blása lofti inn í rýmið. Eru þeir staðsettir um 300 mm frá vegg svo að „the coanda effect“ ætti að virka að einhverju leyti. Á veggjum fyrir ofan gólfristarnar koma svo svalir út, en þær beina loftstraumnum aftur inn að miðju og þar blöndun á lofti á sér stað.



Mynd 16 Tengimöguleikar hitaelementa.

Útsogsblásari fyrir kirkju

Við altari kirkjunnar er 1500 x 600 mm gólfrist sem liggur beint í kanal og aftur í loftræsiherbergi. Við enda ganganna er 2,5 KW FISBACH GmbH miðflóttaraflsblásari sem þjónustar útsogið. Hann er öllu minni en innblástursblásarinn og getur dregið allt að 10.350 m³/klst. Til að útsogið virki þarf að vera lokað inn í klefann þar sem allt herbergið er notað sem „tunna“ fyrir blásarann. Höfundur fann greinilega á meðan mælingum stóð hvernig útsog hvarf þegar hurðir voru opnaðar að útsogsherbergi. Útsogsblásari er hafður minni en innblástursblásari þar sem gott er að hafa hann ekki nema um 80% af innblæstri til að koma í veg fyrir skammhlaup í loftræsingunni.[8]



Mynd 17 útsogsblásari

Innblástur í sali

Í stóra sal er ekki eiginlegur dreifari heldur endar stokkurinn þar og blæs beint inn í rýmið. Helst er að flokka þetta sem nosslu þar sem þær þurfa ekki endilega að vera annað en opin endi.[8] Ef strókurinn er nægilega kröftugur getur þetta myndað hringrás í herberginu og náð að loftræsa allan salinn en þar sem loftstokkur er í sundur er þetta ólíklegt til árangurs. Í litla salnum er dreifari á vegg í horninu. Blæs hann lofti meðfram veggjum og inn í rýmið. Á baðstofu á efri hæð safnaðarheimilis eru loftstokkar teknir meðfram sperrum þar sem lofti er blásið niður á safnaðargesti um rist.

Útsog frá söllum

Ekki er gert ráð fyrir útsogi frá söllum.

Útsog frá snyrtingum

Útsog kirkjunnar er ábótavant en að staðaldri er slökkt á þeim blásurum sem þjónusta baðherbergin. Sennilega hefur þetta verið gert þar sem legur eru farnar í öllum mótorum og löngu orðið tímabært að skipta þeim út. Við anddyri kirkjunnar er staðsettur blásari sem þjónustar baðherbergi í suðaustur hluta kirkjunnar en hann er aldrei í gangi. Í hliðarrými þar sem kórar hafa aðstöðu eru þrjú klósett. Stokkur sem tengdur er um þau þrjú, ásamt skrifstofu organista, sér um útblástur þar, en eins og með aðra útsogsblásara er slökkt á honum. Fara verður inn í læsta nótnakompu til að kveikja á honum. Hvímleit hljóð er frá blásaranu en gott sog þegar hann er í gangi

4. Ofnakerfi

Í þessum kafla verður farið í hvernig ofnakerfið er í kirkjunni uppsett. Ofnakerfið er byggt upp með pottofnum og sléttum stálplötuofnum og verður farið í hvernig við reiknum varmagjöf frá þeim ásamt því að skoða hvernig ofnlokar eru á þeim. Talað verður um gólfhitakerfi kirkjunnar og hvernig það er hannað.

Ofnakerfi

Ofnakerfi í safnaðarheimili er frá 1961 að mestu, búið er að skipta út ofnum á skrifstofum sóknarprests og kirkjuvarðar. Ofnar í stóra salnum eru pottofnar en í litla salnum og í baðstofu eru sléttir stálplötuofnar. Ofnar á göngum eru pottofnar. Nýlega var skipt um ofnloka á þeim öllum. Undir gólfi í anddyri safnaðarheimili er gólfhiti sem var endurnýjaður 2006 eftir að sá eldri tók að leka. Í gólfi kirkjuskipsins er gólfhiti með Ø25mm meltaway snjóbræðslu lögnum.

Ofnar

Varmastreymi frá miðstöðvarofnum eru háð mörgum þáttum . Hægt er að flokka það niður í þrjá megin flokka.

- Gerð og lögun, þ.e. hvernig ofninn er í lögun, úr hvaða efni hann er gerður og hvernig áferð er á yfirborði hans.
- Eiginleikar þeirra efna sem streyma um hann, þ.e. efnistegund, hitastig, straumhraði o.s.frv.
- Hvernig herbergi sem ofninn á að hita er lagað, svo sem einangrun, þéttleiki og samspil ytra og innra loftslags.

Margir aðrir þættir koma til greina og ekki er mögulegt að taka tillit til þeirra allra en engu að síður er hægt að gera góða nálgun á varmaþörf frá þeim og með því að staðsetja þá á vitrænan hátt. Ekki er ráðlegt að taka útreikningum á varmaþörf of hátíðlega en vera frekar á varðbergi gagnvart einhverju sem stendur utan þess venjubundna[9].

Hönnunarforsendur ofnakerfa á Íslandi er 75-80°C framrásarhitastig og 20°C innihitastig, miðað er við að kæling í ofni sé 40°C. Þannig er meðalhitamunur ofns og herbergis ΔT er reiknað:

$$\Delta T = \frac{t_f + t_b}{2} - t_h$$

Þar sem

t_f = framrásarhitastig

t_b = bakrásarhitastig

t_h = herbergishitastig

Varmaflutningur frá ofni er svo reiknað með eftirfarandi líkingu:

$$Q = (K * A) * \Delta T$$

Þar sem

Q = varmastreymið [W]

K = varmaflutningsstuðull [w/m²°C]

A = hitaflötur [m²]

ΔT = meðalhitamunur ofns og herbergis [°C]

Margfeldið (K*A) inniheldur áhrif geislunar og varmastreymis yfirleitt er þessi tala gefin upp af framleiðanda. Þessu má lýsa þannig


$$(K * A) = \alpha_{streymi} * A_{ofn} + \alpha_{geislun} * A_{geislun}$$

A_{ofn} er allt flatarmálið sem er í snertingu við loft en $A_{geislun}$ er aðeins sá hluti ofns sem snýr út. Fyrir pottofna er A_{ofn} miklu stærra en $A_{geislun}$ en fyrir slétta ofna er $A_{ofn} \approx A_{geislun}$. Hlutfall varmageislunar og varmaflutnings með varmastreymi má sjá í töflu.

Gerð ofna	Varmastreymi	Geislun
Sléttir ofnar (Panel, runtall o.s.frv.)	40-50%	60-50%
Rifjaofnar (pottofnar o.s.frv.)	70-80 %	30-20 %

Tafla 1 skipting varmagjafar frá sléttum ofnum og rifjaofnum[9]

Þetta segir okkur að geislun frá ofnum er um helmingur varmamyndunar frá þeim og því ætti aldrei að byggja slétta ofna með ofnahlífum eða gardínum. Ofnar langholtskirkju eru að mestu byggðir með ofnahlífum að undanskyldum ofnum í litla salnum. Ofn á gangi anddyris SH er ekki byggður sem og stakir ofnar víðsvegar um húsið. Ofnar í stórasalnum eru byggðir með timbur plötum en þar eru rifjaofnar. Í baðstofu eru riflaðir stálplötuofnar birgðir með panel. Áhrif þess að byggja ofna hafa verið rannsökuð til hlýtar skv. Hitun húsa eftir þá Guðmund Halldórsson og Jón Sigurjónsson verkfræðinga [9]og hafa þær niðurstöður verið teknar saman á mynd 18.



Mynd 18. Minnkun varmagjafar frá ofnum sem eru byrgðir að hluta.[9]

Vatnstýrðir ofnlokar (retúrnlokar)

Til að stýra ofnakerfum er notast við sjálfvirka ofnloka. Vatnstýrðir ofnlokar hafa verið algengastir á Íslandi. Ein helsta ástæða þess að þeir hafa verið vinsælir hér á landi er að þeir stýrast af bakrásarhitastigi og geta þolað snöggar sveiflur í framrásarhitastigi. Þeir eru mjög þægilegir bæði fyrir hönnuði og pípulagningarmenn þar sem notandinn sjálfur stillir þá eftir þörfum.[10]

Lofstýrðir ofnlokar

Lofthitastýrðir ofnlokar stjórna af lofthita ýmist með hitanema í lokanum sjálfum eða með fjarhitanema. Hann virkar þannig sem sjálfvirk stýring á hita herbergis. Helsti kostur slíkra ofnloka er að þeir geta staðið að mestu óhreyfðir árum saman eftir að búið er að stilla þá. Einn ókostur slíkra ofnloka er ef þeir standa undir glugga þá geta þeir opnað að óþörfu í góðviðri þegar kaldur gustur frá glugga leikur um þá. Einnig geta þeir tekið upp á því að loka alveg fyrir ef þeir eru byrgðir. Með því að hafa loftstýrðan ofnloka má nýta ókeypis varma frá ljósum, sól, og mannfólki sem sá vatnstýrði ræður ekki við. Ofnlokinn stýrir rennslinu í

samræmi við hitastig herbergis og verður því hagstæðara í rekstri að hafa loftstýrðan ofnloka en vatnstýrðan.

Nýlega var skipt um alla ofnloka í safnaðarheimili og voru það vatnstýrðir ofnlokar sem urðu fyrir valinu.

Þrýstijafnarar



Þrýstijafnari heldur mismunaprýsting stöðugum yfir hitakerfi . Talað er um tvennskonar þrýstijafnara en það er slaufuloki og þrýstijafnari. Slaufuloki er í raun það sama og þrýstijafnari nema hann er tengdur öfugt við þrýstijafnarann og er hans hlutverk að halda vatni inn á kerfinu. Áður fyrr var þetta gert með að leggja lögn nokkuð ofar en efstu lögn í húsinu. Þannig myndaðist nægilegur mótþýstingur til að halda við þrýsting vatnsins frá ofna og hitakerfi húsa. Eftir að slaufulokinn kom á markað þurfti ekki að gera þetta heldur var slaufuloka komið fyrir neðst á lagnagrindina þar sem hann heldur

Mynd 19 Tengigrind gólfhita mótþrýsting á kerfinu.

Gólfhiti


Gólfhitun byggir á geislahitun en það er þegar meira en 50% af hitanum er frá geislun, algengt er að um 60-70% af varmanum komi frá geislun. Algengt er að varmagjöf frá gólfhitakerfi sé um 80 W/m^2 , ef gólfhiti gefur meira frá sér er hættu á að fólk finni fyrir óþægindum og getur jafnvel bjúgmyndun orðið hjá fólki.

Gólfhiti í kirkju

Verkræðistofan Vægi Sf hannaði gólfhita í skip kirkjunnar og er samkvæmt teikningum 25Ømm meltaway plastlagnir eða sambærilegt. Meltaway lagnir eru í raun snjóbræðslulagnir. Eftir sjónskoðun kom í ljós að gólfhitinn hefur verið lagður með Ø25 mm stálrörum úr heildregnu svartstáli. Gólfhitinn er keyrður af bakrás ofna safnaðarheimilis. Ø50mm bakrásarlögn liggur að slaufum gólfhita, Ø25 mm framrásarlögn frá mæli og frá slaufunum er Ø50mm bakrás tengd beint inn á bakrás hitaveitu. Ekki er hringrás á kerfinu og hefur þetta kerfi ekki virkað vel undanfarin ár. Til að stýra flæði gólfhita, hefur verið komið fyrir bakrásarlokum á öllum slaufum tengdum við hitanema á bakrás frá gólfhita. En þeir stýra innspýtingu frá framrás yfir í kerfið. Í raun er þetta kerfi hugsað eins og snjóbræðsla og hentar ekki vel sem gólfhiti. Ofarlega á grind er mótrolki sem ekki er tengdur gólfhitanum heldur sér hann ofnum á svölum ofan við orgel fyrir vatni. Á mynd 21 má sjá hvernig tengigrind gólfhitans var teiknuð.



Mynd 20 hluti af tengigrind gólfhita. Mótrolki sést á mynd.



Mynd 21 Tengigrind gólfhita (Steindór Haage1984)

Gólfhiti í anddyri safnaðarheimilis

Gólfhiti í anddyri safnaðarheimilis var endurnýjaður árið 2006 eftir að eldra gólfhitakerfi fór að leka. *Verkfræðistofan Hnit ehf* hannaði gólfhitakerfið og má sjá teikningar í viðauka F.

5. Viðmiðunarvarmatap

Grunnviðmið þess að hanna nýtt hitakerfi er að reikna varmatap hússins. Til að reikna út viðmiðunarvarmatap byggingarinnar var notast við staðalinn ÍST 66. Íslenska byggingarreglugerðin tekur mið af henni en hún kemur úr dönskum staðli DS 418. Varmaflutningur stafar af varmaleiðni í gegnum fleti frá heitari hlið flatarins til þess kaldari[6]. Taka verður tillit til loftskiptavarmataps en það er helst í hendur við loftskipti. Við aukin loftskipti þarf aukna varmagjöf frá ofnum eða loftræsingu. Algengt er að loftskipti í óloftræstu húsnæði sé á bilinu 0.2-0.3. loftskipti á klukkustund en í loftræstu húsnæði um 0.8 loftskipti á klukkustund. Fer það eftir þéttleika hússins, opnun glugga og hurða ásamt stærð húsnæðis. Reiknað verður hvað eru nauðsynleg loftskipti miðað við húsfylli í bæði kirkju og samkomusal. Einnig mun hermun sýna fram á hvað eru eðlileg loftskipti miðað við enga loftræsingu við eðlilega starfsemi.

Hönnunarskilyrði

Við hönnun er miðast eftirfarandi hitastig :

- Innihitastig

Hitastig innandyra fer eftir því hver starfsemi rýmisins er. Í almennum rýmum er gert ráð fyrir 20°C. Ef um til dæmis vélaverkstæði er að ræða væri hönnunarhitastig 16°C og svo hærra ef um barnaheimili er að ræða. Hér er gert ráð fyrir 20°C.

- Útihitastig

Almennt skal miða við -15°C.

- Hitastig jarðar

Almennt er miðað við 5°C.

Hugtök

- **Kólnunartala U-gildi:**

Kólnunartala byggingarluta ($U; W/m^2K$) er hlutfall stöðugs varmaflutnings á tímaeiningu og margfeldis flatarmáls byggingarlutans og hitamunur yfir hana.

- **Leiðnitap**

Leiðnitap ($\Phi; W$) er það varmamagn, sem á tímaeiningu flyst gegnum hjúpflati rýmisins eða byggingarinnar vegna hitamunar (margfeldi kólnunartölu og flatarmálsbyggingarluta).

- **Varmaleiðnitala**

Einkennandi stuðull fyrir byggingarefni sem lýsir varmaflutningi þvert í gegnum efnið vegna hitamunar (λ -gildi; W/mK).

- **Varmaflutningsþéttleiki, varmaflæði**

Varmaflutningsþéttleiki ($q; W/m^2$) er hlutfall varmaflutnings og flatarmáls.

- **Heildarleiðnitap**

Heildarleiðnitap í þessum staðli eru hönnunarforsendur fyrir leiðnitap sem hægt er að reikna út frá kröfum um varmaleiðnitölur sem settar eru í byggingarreglugerð.[2]

Útreikningar

Í byggingarreglugerð má finna töflu, 13.02 *viðhald/endurbygging- leyfilegt hámark U-gilda einstakra byggingarluta*. [5]

Byggingarhluti	Leyft hámark U-gildis (W/m ² K)	
	T _i ≥ 18°C	18°C > T _i ≥ 10°C
Þak	0,2	0,3
Útveggur	0,4	0,4
Léttur útveggur	0,3	0,4
Gluggar(Karmar, gler vegið meðaltal, k-gler)	2	3
Hurðir	3	engin krafa
Ofanljós	2	3
Gólf á fyllingu	0,3	0,4
Gólf á óupphituðu rými	0,3	0,4
Gólf að útiloft	0,2	0,4
Útveggir, vegið meðaltal(veggfletir, gluggar og hurðir)	engin krafa	engin krafa

Tafla 1 Viðhald/endurbyggin - Leyfilegt hámarks U-gildi

Þær jöfnur sem notaðar eru við útreikninga á leiðnitapi/varmatapi um útveggi, þök, glugga og útihurðir eru sem hér segir :

Leiðnitap um útfleti byggingar:

$$Q_l = U * F * (t_i - t_u) \quad [W] \quad (1)$$

Þar sem:

$$Q = \text{Varmatap} \quad [W]$$

$$U = \text{Leiðnitala} \quad [W/(m^2 \cdot K)]$$

$$F = \text{Flatarmál} \quad [m^2]$$

$$t_i = \text{Hönnunar innihitastig} \quad [^\circ C]$$

$$t_u = \text{Hönnunar útihitastig} \quad [^\circ C]$$

Flatarmál útflata, F, reiknast miðað við innri lárétta lengd að innanverðu, brúttó lofthæð útveggja og álíka byggingarhluta, steypumál glugga og hurða.

Leiðnitap um botnplötur á jarðfyllingu, kjallaragólf og kjallaraveggi

Leiðnitap um kjallaraveggi að jarðfyllingu, allt að tveggja metra dýpi, reiknast:

$$Q_l = U * F * (t_i - t_u) \quad [W] \quad (2)$$

Leiðnitap um botnplötur að jarðfyllingu og kjallaragólf ásamt útveggjum kjallara í meira en tveggja metra dýpi og um kjallaraveggi að jörð inni undir byggingu, reiknast:

$$Q_l = U * F * (t_i - t_j) \quad [W] \quad (3)$$

Þar sem :

$$T_j = \text{hönnunarhiti jarðar} \quad [^\circ\text{C}]$$

Leiðnitap um skilveggi, hæðarskil og plötur yfir kjallara

Varmaleiðni um skilveggi, hæðarskil og plötur yfir kjallara milli rýma með mismunandi hitastigi reiknast:

$$Q_l = U * F * \Delta t \quad [W] \quad (4)$$

Þar sem :

$$\Delta t = \text{mismunur á hitastigi milli rýma} \quad [^\circ\text{C}]$$

Varmatap á sér stað í heitara rýminu og verður varmagjöf í því kaldara.

Leiðnitap um samsetningar umhverfis glugga og hurðir

Leiðnitap um kuldabryr í samsetningum umhverfis glugga og hurðir reiknast:

$$Q_l = \Psi_s l_s * (t_i - t_u) \quad [W] \quad (5)$$

Þar sem :

$$\Psi_s = \text{línutap í samsetningu} \quad [W/(m \cdot K)]$$

$$l_s = \text{lengd samsetningar} \quad [m]$$

Leiðnitap í gegnum útveggja undirstöður

Leiðnitap í gegnum útveggja undirstöður umhverfis gólfplötur á jarðfyllingu og undirstöður kjallara útveggja á tveggja metra dýpi reiknast:

$$Q_l = \Psi_u * l_u * (t_i - t_u) \quad [W] \quad (6)$$

Par sem :

$$\Psi_u = \text{Línutap fyrir undirstöðuna} \quad [W/(m \cdot K)]$$

$$l_u = \text{Lengd undirstöðu} \quad [m]$$

Fyrir undirstöður útveggja í kjallara á meira en tveggja metra dýpi og inn undir byggingu er notast við hönnunarhitastig jarðar í staðinn fyrir útihita.

Niðurstaða viðmiðunarvarmatapsútreikninga :

<i>XX hæð</i>	Flatarm. brúttó m ²	Flatarm. nettó m ²	Lengd kaldra v.	meðal hæð	Samtals	Samtals	Samtals
<i>U-gildi [W/m²·K]</i>					W	W/m ²	W/m ³
Kapella	48,5	46,1	14,7	3,0	2119	<i>44</i>	<i>15</i>
Andyri	29,9	28,4	4,6	3,0	1129	<i>38</i>	<i>13</i>
Salerni	48,5	46,1	14,7	4,0	2482	<i>51</i>	<i>13</i>
Kirkja	553,0	525,4	89,2	12,0	71439	<i>129</i>	<i>11</i>
Söngur	40,7	38,7	4,2	3,0	1315	<i>32</i>	<i>11</i>
Kór	39,8	37,8	39,8	3,0	3010	<i>76</i>	<i>27</i>
	0,0	0,0	0,0	0,0	0	<i>#DIV/0!</i>	<i>#DIV/0!</i>
Samkomusalur	183,0	173,9	53,3	4,0	10784	<i>59</i>	<i>16</i>
skáli	65,2	61,9	10,4	5,0	4386	<i>67</i>	<i>14</i>
salur	79,0	75,1	26,3	4,0	5073	<i>64</i>	<i>17</i>
Eldhús	25,9	24,6	12,6	3,0	1275	<i>49</i>	<i>17</i>
Prestur	19,6	18,6	1,0	2,8	345	<i>18</i>	<i>7</i>
Karlar	14,8	14,1	3,0	2,8	408	<i>28</i>	<i>10</i>
Konur	14,4	13,7	3,0	2,8	403	<i>28</i>	<i>11</i>
	0,0	0,0	0,0	0,0	0	<i>#DIV/0!</i>	<i>#DIV/0!</i>
Baðstofa	58,8	55,8	5,0	4,0	3382	<i>58</i>	<i>15</i>
Jón Stefáns	8,3	7,8	3,0	3,0	353	<i>43</i>	<i>15</i>
Æskulýðsprestur	7,0	6,7	3,0	3,0	336	<i>48</i>	<i>17</i>
					108240	<i>87,6</i>	<i>12,4</i>

Tafla 2 Viðmiðunarvarmatap

6. Mælingar og útreikningar

Í þessum kafla verða settar fram mælingar sem gerðar og útreikningar sem eiga við eru sýndir á skilmerkilegan hátt. Kaflinn skiptist í tvennt og er annars vegar rætt um loftræsikerfið og hinsvegar ofnakerfið. Notast var við hermunarforritið *DesignBuilder* til að reikna varmapörf og heildar orkupörf hússins. Einnig er fjöldi loftskipta reiknuð með því.

Loftgæði

Mælingar voru gerðar á loftgæðum kirkjunnar við ýmsar athafnir. Sú vinna reynist höfundi ekki auðveld þar sem athöfnum og kirkjugestum fækkar yfir sumarmánuðina og kirkjan lokuð nema við ef beiðni barst um athöfn eða tónleika. Þar sem allar mælingar voru gerðar að sumri var alltaf galopið út svo þær teljast eingöngu vera viðmið. Hefðu mælingar verið gerðar að vetri til þegar starfsemi í húsinu er sem mest hefðu þær vafalítið verið sýnt hærri tölur, eða það er í það minnsta getgátur höfundar.

Mælingar voru gerðar á tvennum tónleikum og einni útför :

Loftgæðimælingar				
Atburður	n	RH%	°C	CO2 [ppm]
Útför	100	53,7	23,9	1082
Tónl. 1	35	50	23,5	750
Tónl.2	450	67,9	24,1	1495

Tafla 3 mælingar á loftgæðum

Mælingar sýndu að loftgæði í kirkjunni er ekki með besta móti. Tafla 4 sýnir að koltvísirungur fór hæst í 1450 ppm, en almennt viðmið úr byggingarreglugerð er 800 ppm og mega loftgæðin ekki fara nema til skamms tíma lítillega yfir 1000 ppm[5]. Þetta á við þegar um 450 manns er í kirkjunni ásamt hljómsveit og tvöföld hurð opin út. Oft á tíðum er húsfylli og fjöldi kóra sem koma saman við athafnir svo hér er úrbóta þörf.

Mælingar á Loftræstikerfi

Til að mæla loftflæði og rúmmálsstreymi loftræsingar var notast við leiðbeiningar úr *Ventilation Stabi*. Til að mæla loftstokk þarf að bora gat á stökkinn í ákveðni fjarlægð frá beygju til að ná mælingu í lagstreymi. Ef farið er of nálægt beygju í aðra hvora áttina þá er hætta á iðustreymi sem gefur ekki lesanlega niðurstöðu (sjá mynd 9). Mikilvægt er að allar

mælingar séu samhliða (d. parallel) við strauminn, einnig þarf að passa upp á að straumhraði loftsins sé yfir 2 m/s svo mælingar séu marktækar[6]. Til að sem nákvæmest mæling náist af loftflæði er mælt með því að fylgja mæliplani sem er að finna í *Ventilation Stabi* (sjá viðauka).

Til að reikna svo út loftmagnið var notast við jöfnu 1 :

$$q_v = V_m * A * K \quad [m^3/s] \quad (7)$$

þar sem :

V_m = meðalhraði mældra hraða í stökk [m/s]

A = þvernsiðsflatarmál stokks [m²]

K = Leiðréttingarstuðull, 0,98 fyrir liggjandi stökk og 0,96 fyrir standandi.

Mæld gildi voru tekin saman í töflu og meðaltal tekið af þeim fyrir loftræstikerfi stillt á 50% afköst og 100% afköst. Alls voru mældir 72 punktar og meðaltal þeirra fyrir hvern dálk slegnir inn í töflu 1. Stokkurinn reyndist vera 800x800 að flatarmál eða 0,64 m² og leiðréttingarstuðull 0,98 fyrir liggjandi stökk notaður.

Mælingar á rúmmálsflæði			
	mm	50%	100%
a	50	2,45	2,8
b	190	3	3,5
c	345	3,45	3,8
d	455	3,6	4,2
e	610	3,4	3,7
f	750	2,63	3,1
Loftstreymi m ³ /s		3,1	3,5
Bókstafir vísa til staðsetningar mælipunkta Gildi eru meðaltal mældra gilda			

Tafla 4 Rúmmálsflæði

Niðustöður mælinga á loftmagni loftræsikerfis þegar kerfið var stillt með spennir á 50% og 100% eru í töflu 5:

	50% l/s	100% L/s
Kirkja	1944	2195
Salur	-	-

Tafla 5 Loftflæði L/s

Ekki reyndist hægt að framkvæma mælingar á þeim loftstokkum er leiða upp í sali safnaðarheimilis þar sem loftstokkar eru í sundur eins og kom fram hér á undan.

Ferskloftspörf

Til að átta sig á getu loftræsikerfis var ferskloftspörf kirkjunnar reiknuð með tvennum hætti. Fersklofts- og kælipörfin var reiknuð „í höndum“ og svo með hjálp hermunarforrits *DesignBuilder* sem tekur mið af veðurfari í Reykjavík síðan 1995. Reiknað var annars vegar fyrir kirkjuna og hinsvegar fyrir stóra sal safnaðarheimilis ásamt því sem þessi svæði voru hermd. Tekið var mið af núverandi byggingarreglugerð og staðli EN 15251. Gert er ráð fyrir

húsfylli eða um 550 manns eins oft vill verða við stóra athafnir. Flatarmál kirkjunnar er 413 m² á neðri hæð og flatarmál á svölum er 140 m². Eftirfarandi jöfnur voru notaðar við útreikninga á fersksloftspörf :

$$q = f * q_b + A * q_a \text{ [l/s]} \quad (8)$$

Jafna eitt gefur okkur fersksloftspörfin miðað við byggingarreglugerð þar sem :

q = Fersksloftspörf [l/s].

f = Fjöldi fólks inn í rýminu.

q_b = Nauðsynlegt loftmagn á persónu samkvæmt byggingarreglugerð.

q_a = Nauðsynlegt loftmagn á m² samkvæmt byggingarreglugerð.

A = Flatarmál rýmis.

Einnig var reiknað út hve mörg loftskipti á klukkutíma þarf til að tryggja viðeigandi loftgæði.

$$n = \frac{q}{V} \quad (9)$$

Þar sem :

n = Fjöldi loftskipta á klukkustund.

q = Fersksloftspörf.

V = Rúmmál rýmis.

Við útreikninga var miðað við 0,35 L/s á m² og 7 l/s á mann í samræmi við byggingarreglugerð[3]. Fyrir kirkjuna var fjöldi nauðsynlegra loftskipta er samkvæmt jöfnu 2 er því 0,9 loftskipti á klukkutíma. Útreiknuð þörf nauðsynlegra loftskipta í sal safnaðarheimilis er 2,1 loftskipti á klukkutíma. Sjá nánar töflu 6.

Loftgæði				
Byggingarhluti	m ²	m ³	q	n
Kirkja	553	6304	5694	0,9
Salur	183	695	1464	2,1

Tafla 6 Útreiknuð loftskipti á klukkustund

Kælipörf

Þar sem ekki eru kæliraftar í Langholtskirkju né annar kælibúnaður þarf ferskur innblástur að fullnægja kælipörf rýmisins. Til að reikna kælipörf bygginga þarf að miða við stöðu húss gagnvart sólu, ásamt fjölda fólks, klæðnaði sem og tækja og ljósa búnaði sem er í rýminu. Gert er ráð fyrir að manneskja gefi frá sér 102 W, sitjandi eða í kyrrstöðu í fínni fatnaði (stillesiddende, 1.5 clo). Ljósastarar 100 W og venjuleg ljósapera 50 W. Sólarálag var reiknað miðað við töflu (sjá viðauka A) en ekki var miðað við neina skermun. Því er skermunarstuðull fyrir tvöfalt gler 0.81 fyrir kirkjuna og svo var gert ráð fyrir taugardínum í safnaðarheimi með stuðulinn 0.67 (sjá töflu í viðauka). Samkvæmt töflum um kjörhita og varmagjöf frá kirkjugestum er kjörhitastig við slíkar aðstæður 20,7 °C. Til að reikna kælipörf er notast við jöfnu 3.

$$Q_{tot} = Q_{fólk} + Q_{sól} + Q_{ljós} + Q_{tæki} - Q_{varmatap} \quad (10)$$

Þar sem Q_{tot} er varmamyndun og kælipörf, $Q_{fólk}$ er varmamyndun frá fólki, $Q_{tæki}$ er varmamyndun frá hljóðkerfi kirkjunnar, $Q_{ljós}$ er varmamyndun frá ljósabúnaði. Þar sem það er um það bil sami fjöldi kastara og ljósapera var tekið meðaltal þeirra inn í útreikninga. $Q_{sól}$ er varmamyndun frá sólu og er það reiknað með **jöfnu 4.[2]** :

$$Q_R = [I_{max} * F_1 + (F - F_1) * I_{Diff max}] * k_1 * k_{2max} \quad [W] \quad (11)$$

Þar sem :

I_{max} = Mesta sólargeislun, samkvæmt töflu fyrir sólarálag í gegnum einfalt gler sem snýr í ákveðna átt. [W/m²].

$I_{diff max}$ = Mesta óbeina geislun (diffuse), samkvæmt töflu fyrir sólarlag í gegnum einfalt gler sem snýr í ákveðna átt [W/m²].

k_2 = Ísogsstuðull húsbyggingar, samkvæmt töflum fyrir k_2 , gerður er greinamunur á 24 klst. og 12 klst. rekstrartíma loftræsikerfis. Gengið er út frá því að herbergishiti sé stöðugur. Ísogstuðullinn er háður þyngd byggingar, hér 750kg/m² sem er fyrir þunga byggingu (steinsteypt bygging).

F = Heildarglerflötur.

F1 = Glerflötur sem sól skín á.

Niðurstöður má svo sjá í töflum 7 og 8 :

	n	W	m ² gler	k1	k2	lmax	ldiff max	W
Qfólk	550	102	-	-	-	-	-	56.100
QSól	-	-	126	0,81	0,71	715	725	51.811
Qtæki	23	50	-	-	-	-	-	1.150
Qljós	20	400	-	-	-	-	-	8.000
Qvarmatap								71.439
Qtot								57.622

